



Borgarráð

Viðauki við samstarfssamning Reykjavíkurborgar og Menningarfélagsins Tjarnarbíó um rekstur Tjarnarbíós

Á fundi menningar-, íþrótt- og tómstundaráðs þann 22. september 2023 var samþykkt meðfylgjandi bréf skrifstofustjóra menningarborgar, dags. 6. september 2023, varðandi viðauka við samstarfssamning Reykjavíkurborgar og Menningarfélagsins Tjarnarbíó um rekstur Tjarnarbíós. Menningar-, íþrótt- og tómstundaráð samþykkt að veita viðbótarframlag til menningarfélagsins Tjarnarbíós að upphæð 7 m.kr. og að samstarfssamningi aðila verði framlengdur út yfirstandandi leikár eða til 30. júní 2024 með 14,5 m.kr. framlagi frá janúar og til og með júní 2024 sem hvorutveggja verður fjármagnað innan ramma menningar- og íþróttasviðs.

Óskað er eftir að borgarráð staðfesti samþykkt menningar-, íþrótt- og tómstundaráðs.

Virðingarfyllst,

Steinþór Einarsson,
skrifstofustjóri stjórnslu

Hjálagt:

Bréf menningar- og íþróttasviðs, dags. 6. september 2023

Samningur milli menningar- og viðskiptaráðuneytis og menningar- og íþróttasviðs Reykjavíkurborgar um styrki til eflingar sviðslista 2023 – 2024, dags. 6. september 2023.

Samstarfssamningur um rekstur Tjarnarbíós, dags. 21. desember 2022.



Menningar-, íþrótt- og tómstundaráð
Borgartúni 14
105 Reykjavík

Viðauki við samstarfssamning Reykjavíkurborgar og Menningarfélagsins Tjarnarbíó um rekstur Tjarnarbíós

Til að koma til móts við bráðan rekstrarvanda Tjarnarbíós á árinu 2023 kemur til viðbótarframlag frá Reykjavíkurborg til Menningarfélagsins Tjarnarbíós að upphæð 7 m.kr. Að auki er samstarfssamningi aðila, dags. 21. desember 2022, framlengt út yfirstandandi leikár eða til 30. júní 2024 með 14,5 m.kr. framlagi frá janúar og til og með júní.

Viðaukinn byggir á samkomulagi milli menningar- og viðskiptaráðuneytis og menningar- og íþróttasviðs Reykjavíkurborgar, dags. 6. september 2023, um styrk til eflingar sviðslista 2023 – 2024. Meginmarkmið samningsins eru að:

- Styðja við innviði sviðslistasenu höfuðborgarinnar og skal þá sérstaklega líta til stuðnings við málefni Tjarnarbíós.
- Gera úttekt og þarfagreiningu á aðstöðu sviðslistafólks á höfuðborgarsvæðinu.
- Gera úttekt á rekstri Tjarnarbíós til að greina tækifæri og áskoranir í rekstrinum með það fyrir augum að auka sjálfbærni og treysta stoðir rekstursins til framtíðar.

Þess ber að geta að vinna við úttekt og þarfagreiningu á aðstöðu sviðslistafólks á höfuðborgarsvæðinu er hafin í samstarfi við Sjálfstæðu leikhúsin (SL), hagsmunasamtök sjálfstætt starfandi atvinnu-sviðslistafólks. Úttekt á rekstri Tjarnarbíós hefst í kjölfar undirritunar viðaukans sem hér er lagður fram. Vinnu við hvoru tveggja skal lokið í nóvember.

Virðingarfyllt,

María Rut Reynisdóttir
Skrifstofustjóri menningarborgar
Menningar- og íþróttasviði

Hjálagt:

Samningur milli menningar- og viðskiptaráðuneytis og menningar- og íþróttasviðs Reykjavíkurborgar um styrk til eflingar sviðslista 2023 – 2024, dags. 6. september 2023.

Samstarfssamningur um rekstur Tjarnarbíós, dags. 21. desember 2022

Samningur
milli menningar- og viðskiptaráðuneytis og menningar- og íþróttasviðs
Reykjavíkurborgar
um styrk til eflingar sviðslista 2023 - 2024

Menningar- og viðskiptaráðuneyti, kt. 710122-1990 og menningar- og íþróttasvið Reykjavíkurborgar, kt. 530269-7609 gera með sér svofelldan samning.

1. Markmið, starfsemi og áherslur

1.1. Meginmarkmið með samningi þessum er að:

- Styðja við innviði sviðslistasenu höfuðborgarinnar og skal þá sérstaklega líta til stuðnings við málefni Tjarnarbiós.
- Gera úttekt og þarfagreiningu á aðstöðu sviðslistafólks á höfuðborgarsvæðinu.
- Gera úttekt á rekstri Tjarnarbiós til að greina tækifæri og áskoranir í rekstrinum með það fyrir augum að treysta stöðir rekstursins til framtíðar.

1.2. Áherslur

- Reykjavíkurborg taki mið af menningarstefnu stjórnvalda með sérstakri vísun í sviðslistir.

2. Forsendur samnings, lagaheimildir og lagaskyldur

- 2.1. Ráðuneytið gerir samning þennan á grundvelli heimildar í 42. gr. laga um opinber fjármál nr. 123/2015 og reglugerðar nr. 642/2018.
- 2.2. Framlag í samningi þessum fellur undir stefnu ráðherra á málefnasviði 18 menning, listir, íþróttir og æskulýðsmál, málaflokki 18.2 Menningarstofnanir sbr. 20. gr. laga um opinber fjármál, nr. 123/2015.
- 2.3. Reykjavíkurborg skal hafa kynnt sér lög og reglugerðir sem gilda um verkefnið og skuldbindur sig til að starfa samkvæmt þeim. Vakin er sérstök athygli samningshafa á eftirfarandi lagaákvæðum: lög um sviðslistir nr. 165/2019, lög um ríkisendurskodanda og endurskodun ríkisreikninga, nr. 46/2016 og lög um opinber fjármál, nr. 123/2015.

3. Fjárhagsleg skuldbinding

- 3.1. Heildarskuldbinding samnings er 10 m.kr. (tíumilljónir króna 00/100) án vsk.
- 3.2. Framlag menningar- og viðskiptaráðuneytis greiðist í þrennu lagi, 3,5 m.kr. við undirritun, 3,5 m.kr. 1. febrúar 2024 og 3 m.kr. 1. september 2024.
- 3.3. Verði gerð breyting á fjárheimildum til málaflokks 18.2 Menningarstofnanir í fjárlögum, geta aðilar tekið upp viðræður um aðlögun rekstrarins að breyttri fjárveitingu.
- 3.4. Gerður er fyrirvari um að ráðuneytið kunnir að ákveða aðhaldsaðgerðir við samþykkt fjárlaga og á Reykjavíkurborg ekki kröfu á ráðuneyti eða rétt á bótum þótt framlag til samningsins verði lækkað eða fellt niður. Verði gerðar almennar aðhaldskröfur af hálfu ríkisins til málaflokks 18.2 er heimilt að gera sömu kröfur til aðhalds í rekstri verkefna sem falla undir málaflokk 18.2 hjá Reykjavíkurborg.
- 3.5. Fjárhagsleg ábyrgð ráðuneytis vegna rekstrar verkefnisins takmarkast við þær fjárhæðir sem eru í samningnum.
- 3.6. Samningsfjárhæðir ríkisins greiðast af fjárlagalið 16-294-610. Árlegt grunnframlag sbr. gr. 3.2. verður greitt inn á bankareikning viðskiptabanka Reykjavíkurborgar 0101-26-000056, kennitölu 530269-7609, enda uppfylli samningshafi öll skilyrði og kröfur sem samningur þessi kveður á um.
- 3.7. Heildarfjárskuldbindingar ráðuneytis takmarkast á samningstímanum við þær fjárhæðir sem tilgreindar eru í samningi þessum. Ráðuneytið munu ekki greiða dráttarvexti ef greiðsla dregst og greiðslur bera hvorki vexti né verðtryggingu.

4. Ábyrgð

- 4.1. Framlög Reykjavíkurborgar til verkefna samningsins skulu í heildina ekki vera lægri fjárhæð en framlag ríkissjóðs á hverju ári.
- 4.2. Reykjavíkurborg er óheimilt að:
 - 4.2.1. Afhenda, án skriflegs samþykkis ráðuneytisins, réttindi sín og skyldur skv. samningi þessum í hendur þriðja aðila.
 - 4.2.2. Framselja, án skriflegs samþykkis ráðuneytisins, greiðslur til þriðja aðila og setja með öðrum hætti til tryggingar fjárskuldbindingu skv. 45. gr. laga um samningsveð nr. 75/1997.

5. Upplýsingar, samskipti og eftirlit vegna fjármála og verkefna

- 5.1. Ráðuneytið hefur eftirlit með framkvæmd samningsins.
- 5.2. Reykjavíkurborg og ráðuneyti funda að lágmarki árlega um samninginn og framkvæmd hans.
- 5.3. Reykjavíkurborg skilar ráðuneyti öllum þeim upplýsingum sem það kallar eftir, í tengslum við ráðstöfun fjármagns til opinberrar upplýsingagjafar.
- 5.4. Reykjavíkurborg veitir ráðuneyti upplýsingar sem það kallar eftir vegna eftirlits með framkvæmd samningsins. Ráðuneytið hefur heimild til að gera sjálft eða fela öðrum að gera athuganir og úttektir á öllum eða einstaka þáttum í framkvæmd samningsins. Við eftirlit hefur ráðuneyti óheftan aðgang að öllum gögnum sem máli skipta.

6. Vanefndir og meðferð ágreinings

- 6.1. Reykjavíkurborg tilkynnir ráðuneyti tafarlaust ef það telur vafa leika á að hún geti uppfyllt skyldur samkvæmt samningnum. Jafnframt greinir Reykjavíkurborg frá úrræðum sem hún hyggst grípa til.
- 6.2. Ráðuneytinu er heimilt að fresta, draga úr eða stöðva og endurkrefja greiðslur uppfylli Reykjavíkurborg ekki skyldur sínar samkvæmt samningi þessum.
- 6.3. Samningsaðilar skulu leitast við að jafna ágreining, ef einhver er, sín á milli.
- 6.4. Dómsmál sem rísa kann út af samningi þessum skal rekið fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur.

7. Gildistími og lok samnings

- 7.1. Samningurinn gildir frá 1. september 2023 til 31. des 2024 í samræmi við samþykkt borgarráðs og ákvörðun menningar- og viðskiptaráðherra.
- 7.2. Hver aðili um sig getur óskað eftir því að einstök ákvæði samnings þessa eða samningurinn í heild verði tekinn til endurskoðunar, enda séu færð fyrir því efnisleg rök. Endurskoðun skal þá hefjast svo fljótt sem verða má.
- 7.3. Óski einhver aðila eftir að segja samningnum upp skal það gert skriflega með þriggja mánaða fyrirvara.

Samningurinn er undirritaður rafrænt. Aðilar hafa kynnt sér efni samningsins og hafa fullt umboð til að staðfesta hann með undirritun sinni.

Reykjavík 6.9.2023

f.h. menningar- og viðskiptaráðuneytis

Sigrún Brynja Einarsdóttir

f.h. Reykjavíkurborgar

Eiríkur Björn Björgvinsson

Viðauki

við samstarfssamning menningar- og íþróttasviðs Reykjavíkur (áður menningar- og ferðamálasvið), f.h. Reykjavíkurborgar, 530269-7609, og Menningarfélagsins Tjarnarbíó, kt. 590810-1180, dags. 21. desember 2022

Til að koma til móts við rekstrarvanda Tjarnarbíós á árinu 2023 greiðir Reykjavíkurborg viðbótarframlag til Menningarfélagsins Tjarnarbíós að upphæð 7 milljónir króna. Sú upphæð er viðbót við 2. gr. samstarfssamnings aðila, dags. 21. desember 2022.

Greiðsla viðbótarframlagsins, alls 7 m.kr., skiptist og kemur til greiðslu þess með eftirfarandi hætti árið 2023:

September:	Kr. 2.000.000
Október	Kr. 2.000.000
Nóvember	Kr. 2.000.000
Desember	Kr. 1.000.000

Að auki er samstarfssamningur aðila, dags. 21. desember 2022, framlengdur út yfirstandandi leikár eða til 30. júní 2024. Með fyrirvara um að samþykktar verði fjárheimildir í fjárhagsáætlun Reykjavíkurborgar greiðir Reykjavíkurborg 14,5 m.kr. framlag frá janúar til og með júní 2024 sem skiptist og kemur til greiðslu með eftirfarandi hætti árið 2024:

Janúar:	Kr. 3.000.000
Febrúar:	Kr. 2.000.000
Mars:	Kr. 2.000.000
Apríl:	Kr. 3.000.000
Maí:	Kr. 2.000.000
Júní	Kr. 2.500.000

Að öðru leyti er samstarfssamningur aðila, dags. 21. desember 2022, óbreyttur og gildir þannig fram til 30. júní 2024.

Viðauki þessi byggir á samkomulagi milli menningar- og viðskiptaráðuneytis og menningar- og íþróttasviðs Reykjavíkurborgar um styrk til eflingar sviðslista 2023 – 2024. Meginmarkmið þess samkomulags er að:

- Styðja við innviði sviðslistasenu höfuðborgarinnar og skal þá sérstaklega lífa til stuðnings við málefni Tjarnarbíós.
- Gera úttekt og þarfagreiningu á aðstöðu sviðslistafólks á höfuðborgarsvæðinu.
- Gera úttekt á rekstri Tjarnarbíós til að greina tækifæri og áskoranir í rekstrinum með það fyrir augum að auka sjálfbærni og treysta stoðir rekstursins til framtíðar.

Viðauki þessi er staðfestur með rafrænni undirritun fulltrúa beggja aðila.

Sara Martí Guðmundsdóttir

María Rut Reynisdóttir

F.h. Menningarfélagsins Tjarnarbíós

F.h. Reykjavíkurborgar